

1038. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. janúar 2010 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarki Steingrímsson, Guðrún J. Ólafsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Sigríður Stefánsdóttir, Stefanía Magnúsdóttir, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir sem ritar fundargerð.

Gestur fundarins var Helga Árnadóttir, fjármálastjóri VR

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerða síðasta fundar

Fundargerðir samþykktar og undirritaðar.

2. Fjárhagsáætlun 2010

Helga Árnadóttir fjármálastjóri VR, lagði fram gögn og kynnti „*Rekstraráætlun VR 2010*“.

Undir þessum lið lagði Kristinn Örn fram tillögu til stjórnar:

„*Að stjórn samþykki framlagða fjárhagsáætlun 2010 með fyrirvara um endurskoðun eftir 1. ársfjórðung*“.

Samþykkt.

3. Verklag við val á fulltrúum í LV

Kristinn lagði fram skjalið „*Tillaga um verklag við val á fulltrúum VR í stjórn LV*“.

Umræður.

Ragnar lagði fram eftirfarandi bókun:

„*Ég geri athugasemd við að Sigurður Sigfússon taki afstöðu til málefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna þar sem hann situr í stjórn annars lífeyrissjóðs*“.

Í framhaldi af bókuninni bar Ragnar upp eftirfarandi tillögu:

„*Ég legg til að Sigurður Sigfússon víki af fundi meðan málefni LV eru rædd*“.

Tillagan var felld.

Ásta Rut lagði fram tillögu til stjórnar um áframhaldandi vinnu við verklagsreglur við val í stjórn LV.

„*Að núverandi nefnd verði falið að vinna eftir þessum verklagsreglum eins og kostur er undir forystu formanns VR. Nefndin kappkosti að kynna fulltrúa til setu í stjórn LV fyrir nýársfund 2010*“.

Samþykkt.

4. Nýársfundur og kosningar

Kristinn lagði fram beiðni frá kjörstjórn og las upp bréf til stjórnar VR dags. 11. janúar 2010 „*Varðar hæfi frambjóða sem stjórnarmanna í VR*“.

Umræður.

Lykke óskaði eftir bókun vegna 11.gr.laga VR:

„*Endurskoðunarnefnd hefur áhyggjur af 11. gr. og telur að það þurfi að endurskoða hana með tilliti til núverandi ástands í þjóðfélaginu*“

Kristinn Örn bar upp tillögu til stjórnar vegna erindis kjörstjórnar um hæfi frambjóðanda:

„Samþykkt verði að lögmanni sé falið að veita álit um hæfi frambjóðenda með hliðsjón af lögum VR og almennra og viðurkenndra viðmiða“.

Samþykkt.

Bjarki sat hjá og gerði grein fyrir atkvæði sínu með eftirfarandi bókun:

„Það er ómerkilegt að fara fram á aukin gögn því í auglýsingu á vef og í blöðum kom ekkert fram um gögn þessi og því hlýtur auglýsing kjörstjórnar að vera undarleg. Þar sem enginn vafi leikur á því að auglýsing kjörstjórnar sé villandi og röng, enda samkvæmt leynifélagsaðferð mikið er notuð, og trúí ekki að kjörstjórn hafi gleymt að auglýsa um nefnd gögn skuli fylgja, heldur sé kjörstjórn og ASÍ og stjórn VR að verki“

5. **Lagabreytingar – vinna endurskoðunarnefndar**

Nefndin lagði fyrir fundinn skjal með tillögum til kynningar og umfjöllunar „Breytingar á 20. gr. laga VR“.

Umræður.

Ásta Rut bar upp tillögu til stjórnar um skipun í laganefnd vegna breytinga á lögum VR:

„Tillaga að setja á laggirnar laganefnd stjórnar undir forystu formanns og fengi nefndin lögmann sér til aðstoðar. Tillögur tilbúnar til afgreiðslu í stjórn eigi síðar en um miðjan mars“.

Tillagan var felld.

6. **Önnur mál.**

Ragnar lagði fram skjalið „Áskorun til meirihluta stjórnar VR“ sem undirritað er af Ragnari, Bjarka og Guðrúnu. Óskaði hann eftir að skalið yrði tekið á dagskrá næsta fundar og kosið um hvern lið fyrir sig.

Kristinn ræddi meðferð tölvupósta innan stjórnarinnar og óskaði eftir að gera eftirfarandi bókun þessu tengt:

„Vegna meðhöndlunar ákveðinna stjórnarmanna á tölvupóstum og gögnum stjórnarinnar verða stjórnarmenn að óska eftir gögnum og leggja fram fyrirspurnir á stjórnarfundum. Svör og umbeðin gögn munu verða lögð fram á næsta fundi eða eins fljótt og auðið er, eftir atvikum og eðli mála“.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 22:00